



Fundur háskólaráðs 16. október 2001

Fundargerð

Málsnúmer: HI01010071

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Jörunn Valdimarsdóttir

Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 10.10.2001 10:01:14

Dags: 16.10.2001

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169 2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4302/4303/4041

Fax: 525 4038

16/2001

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2001, þriðjudaginn 16. október var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13.30.

1. Erindi til háskólaráðs

- 1.1 Tillaga frá rektor um fyrirkomulag brautskráninga.
Fyrirkomulag brautskráninga verði áfram óbreytt. – Samþykkt einróma.
- 1.2 Árétting um efni 26. og 27. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands.
- 1.3 Tillaga frá Ingjaldi Hannibalssyni og Þórði Kristinssyni um lúkningu Náttúrufræðahúss.
Reglur starfsnefndar háskólaráðs vegna byggingaframkvæmda á vegum Háskóla Íslands, sem samþykktar voru í háskólaráði 29. október 1987 verði felldar úr gildi. Skipuð verði bygginganefnd Náttúrufræðahúss sem starfi sem ráðgefandi nefnd við lúkningu hússins. Rekstrar- og framkvæmdasvið annist framkvæmd og eftirlit með verkinu fyrir hönd Háskólans. Nefndin verði skipuð Brynjólfi Sigurðssyni, formanni, Ragnari Ingimarssyni, Stefáni Ólafssyni, Sigríði Ólafsdóttur, Ingjaldi Hannibalssyni og fulltrúa stúdenta. Óskað var eftir því að lögð verði fram endurskoðuð áfangaskipt framkvæmda- og kostnaðaráætlun. – Samþykkt einróma.
- 1.4 Lagðar fram tillögur frá læknaeild um valnefndir vegna stöðuveitinga í læknaeild (læknisfræði) H.Í. ásamt athugasemdum frá formönnum starfsnefnda háskólaráðs og fleirum. Samþykkt einróma að fela formannanefndinni að endurskoða tillögurnar í samráði við forseta læknaeildar.
- 1.5 Tillaga frá Ingjaldi Hannibalssyni.
Tillaga um að þriggja klukkustunda málþing um fjármögnun háskóla verði haldið föstudaginn 26. október 2001. Samþykkt einróma.
- 1.6 Lagt fram bréf frá Önnu Hermannsdóttur, lögfræðingi kjaranefndar, er varðar endurskoðun launakjara prófessora, ásamt minnisblaði frá Félagi prófessora þar sem fram koma helstu áhersluatriði þeirra varðandi breytingar á launakjörum prófessora. Óskað eftir sjónarmiðum háskólaráðs.
- 1.7 Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneytinu dags. 12. október 2001 ásamt bréfi frá forseta læknaeildar til menntamálaráðherra og fylgigögnum. Ennfremur er lagt fram bréf frá Sigurði Ingvarssyni forstöðumanni Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. Ráðuneytið óskar eftir að háskólaráð tilnefni fulltrúa í vinnuhóp sem ætlað er að koma með tillögur um hvernig standa beri að flutningi Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum. - Samþykkt einróma að fela rektor að tilnefna tvo fulltrúa í vinnuhópinn.
- 1.8 Lagt fram bréf frá Herði Filippussyni, forseta raunvísindaeildar, dags. 28. september, þar sem deildarráð raunvísindaeildar beinir því til rektors og háskólaráðs að skorið verði úr því með ótvíræðum hætti hver sé kennsluskylda þeirra dósenta og lektora sem veitt hafi verið lækkun á kennsluskyldu við 55 og/eða 60 ára aldur fyrir 1. apríl 2001.

Rektor lagði fram eftirfarandi bókun: „Árétting varðandi niðurfellingu samþykktar um aldursafslátt vegna kennslu.

Háskólaráð áréttar, að fyrri samþykkt ráðsins frá 15. janúar 1987 um lækkaða kennsluskyldu kennara (lektora og dósentar) í Félagi háskólakennara sem náð hafa 55 og 60 ára aldri, er úr gildi fallin, sbr. samþykkt ráðsins dags. 30. apríl 2001.

Deildum er falið að hlutast til um nauðsynlegar breytingar, sem samþykktin frá 30. apríl og 24. september kallar á að gerðar verði, en miða skal við að endurskoðuð starfskjör hafi tekið gildi þann 1. maí 2001.”

Samþykkt einróma.

2. Mál til fróðleiks

- 2.1 Lagt fram bréf frá menntamálaráðherra dags. 18. september 2001 þar sem fram kemur að hugmyndir Háskóla Íslands um þekkingarþorp hafi verið kynntar í ríkisstjórn 18. september 2001. Í bréfinu víkur ráðherra að því að hann telji æskilegt og nauðsynlegt að tekin verði ákvörðun um að koma á laggirnar samstarfsnefnd með fulltrúa menntamálaráðherra og Háskóla Íslands til að undirbúa aldarafmæli skólans árið 2011.
- 2.2 Lagt fram minnisblað frá rektor, „Hvað verður um Vatnsmýrina?“, frá morgunverðarfundum Reykjavíkurborgar í samvinnu við Borgarfræðasetur 10. október 2001.

3. Mál á dagskrá

- 3.1 Kynning á frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2002.
Ingjaldur Hannibalsson, framkvæmdastjóri rekstrar- og framkvæmdasviðs og formaður fjármálanefndar, skýrði ítarlega framlagt yfirlit yfir fjárveitingu til Háskóla Íslands á árinu 2002 byggt á fjárlagafrumvarpi. Málið var rætt og svaraði Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum.
- 3.2 Stjórnunar- og aðstöðugjald. Tillaga formannanefndar.
Ingjaldur Hannibalsson skýrði framlagða tillögu formannanefndarinnar um stjórnunar- og aðstöðugjald. Málið verður aftur á dagskrá á næsta fundi.
- 3.3 Endurskoðun á deililíkani. Um forsendur skiptingar fjárveitinga.
Ingjaldur Hannibalsson gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði fjármálanefndar um breytingar á deililíkani Háskóla Íslands. Málið var rætt ítarlega og svaraði Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum.
- 3.4 Drög að líkani um skiptingu rannsóknafjárveitinga.
Rektor gerði grein fyrir að málið hefði verið kynnt deildarforsetum og verði áfram til umfjöllunar.
- 3.5 Erindi Náttúrufræðistofnunar varðandi húsnæði.
Fyrir fundinum lá skrifleg tillaga um afgreiðslu á erindi Náttúrufræðistofnunar vegna húsnæðis. Niðurstaðan er sú að ekki séu efni til þess að verða við þeirri beiðni Náttúrufræðistofnunar Íslands sem sett var fram í bréfi stofnunarinnar dags. 10. júlí 2001. - Háskólaráð samþykkti tillöguna einróma.

Öðrum málum á auglýstri dagskrá var frestað til næsta fundar.

4. Önnur mál

- 4.1 Ummæli forsætisráðherra um Háskóla Íslands á landsfundi Sjálfstæðisflokksins og í Kastljóspætti Sjónvarpsins. Málið var rætt.
- 4.2 Tillaga til háskólaráðs um að óskað verði eftir formlegum viðræðum við stjórnvöld um stöðu Háskóla Íslands sem ríkisskóla.
Stefán Ólafsson gerði grein fyrir tillögunni. Málinu frestað.

Fleira var ekki gert.
Fundir slitið kl. 15.50